

**Sp.**

## **530. Tillaga til þingsályktunar**

um athugun á siglingaleiðinni til Borgarness.

Frá Bjarna Ásgeirssyni.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara mælingar á inn-siglingaleiðinni til Borgarness og láta gera áætlun um kostnað við að ryðja úr vegi sandeyrum, sem varna því, að siglingar flóabátsins geti haldizt hindrunarlaust, þótt lágsjávað sé, ef öruggari siglingaleið en sú, sem nú er farin, finnst ekki.

### **Greinargerð.**

Þingsályktunartillaga þessi er flutt samkvæmt ósk stjórnar h/f Skallagríms í Borgarnesi, sem annast um ferðir á milli Reykjavíkur og Borgarness með v/s Laxfossi, og hafði ályktun um þetta verið samþykkt á aðalfundi félagsins nýskeð. Er mikil nauðsyn á umbótum í þessu efni, þar sem siglingaleiðin til Borgarness er ein aðalsamgönguleiðin á milli Reykjavíkur og Norður- og Vesturlands allt árið, en grynningar á leið þessari torvelda mjög ferðir þessar jafnan, þegar lágsjávað er. Hér með fylgir bréf, er stjórn Skallagríms sendi hafnarnefnd Borgarness og skýrir mál þetta.

### **Fylgiskjal.**

Borgarnesi, 5. okt. 1943.

Þar sem komið er skýrt í ljós, að samgöngur á sjó milli Borgarness og Reykjavíkur eru í stórri hættu, ef ekkert er aðhafzt til að bægja henni frá, leyfum vér oss f. h. h/f Skallagríms að fara fram á við hafnarnefnd Borgarneshrepps, að hún komi því í kring, að mælt verði dýpið á grynna hluta leiðarinnar í Borgarfirði milli Borgarness og Reykjavíkur.

Ef það kemur í ljós við mælinguna, að ekki finnst nóg dýpi fyrir v/s Laxfoss, til að hann geti haldið uppi ferðum á hvaða tíma, sem er, án þess að þurfa að sæta sjávarföllum, þá að láta athuga og gera áætlun um kostnað við dýpkun leiðarinnar og jafnframt gera þær ráðstafanir, að hægt sé að nota dýpstu leiðina, með því að setja upp greinileg merki fyrir skipið til að sigla eftir.

Æskilegt væri, að þingsályktunartillaga væri borin fram á þessu þingi málinu til framdráttar.

Þar sem þetta er einn af þeim þröskuldum, sem gera það að verkum, að erfitt verður að halda uppi góðum samgöngum á sjó milli Borgarness og Reykjavíkur, þá treystum við því, að hafnarnefnd Borgarneshrepps bregði fljótt við þessari málaleitun og geri sitt til, að ofangreint atriði verði leyst á þann bezta hátt, sem völ er á.

Uppmælingunni þarf ásamt áætlun um kostnað við dýpkunina að vera lokið fyrir aprilmánaðarlok 1944.

Til hafnarnefndar Borgarness, Borgarnesi.